



HRUNAMANNAREPPUR

11. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 4. FUNDUR ÁRSINS VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 8. APRÍL 2015 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 8. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2014: Fyrri umræða.
2. KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2014.
3. Drög að atvinnustefnu Hrunamannahrepps.
4. Hagstofa Íslands: Íbúafjöldi í Hrunamannahreppi.
5. Vegagerðin: Hvammsvegur.
6. Tæming rotpróa: Verksamningur.
7. Kirkjumálasjóður: Vatnstökusamningur í Hruna.
8. Kirkjumálasjóður: Hrunaréttir.
9. SASS. Menntaþing.
10. Bókasafn Hrunamanna: Árskýrsla 2014.
11. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Ársyfirlit 2014.
12. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um að draga úr plastpöknotkun.
13. Starfshópur Innanríkisráðherra: Skýrsla um landsáætlun í uppbyggingu fjarskiptainnviða.
14. Kosning í 17. júní nefnd.
15. Tæknisvið Uppsveita: Fyrirkomulag sorpmála/sorphirðu.
16. Samband Garðyrkjubænda: Syrkbeiðni vegna heimildarkvikmyndar.
17. Eignarhaldsfélag Suðurlands: Aðalfundarboð.
18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps: Fundargerð 4. fundar frá 25. mars s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu:

20. Fundargerð 86. fundar skipulagsnefndar frá 12. mars s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 4. mars s.l.
Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
21. Fundargerð 87. fundar skipulagsnefndar frá 30. mars s.l.
Mál nr. 6: Flúðir. Torfdalur 2, deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 7: Kerlingarfjöll. Fyrirspurn um skilmála hótels.
Mál nr. 8: Túnsberg. Stofnun íbúðarhúsalóðar.
Mál nr. 9: Syðra-Langholt 1a. Fyrirspurn um byggingu íbúðarhúss.
22. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 23. fundar stjórnar frá 30. mars s.l. s.l.
23. Skólalápnustu- og velferðarnefnd Árneshóls: Fundargerð 9. fundar frá 17. mars s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Fagræð Tónlistarskóla Árneshóls. 172. fundur fagræðs frá 23. mars s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 239. fundar stjórnar frá 2. mars s.l.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 163. fundar stjórnar frá 26. mars s.l.

Kynningarmál:

- d. Sunnlenski skóladagurinn 2016: Kynningarfundur.
- e. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag svæðisins milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss.

- f. HSK: Þakkarbréf vegna hérðaspings HSK á Flúðum 15. mars. s.l.
- g. HSK: Ályktanir héraðspings HSK þann 15. mars. s.l.
- h. Skipulagsstofnun: Umsögn um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026.
- i. Skipulagsstofnun: Lýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
- j. Minjastofnun Íslands: Fornleifaskráning í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.
- k. Háskólinn í Reykjavík: Mannauðskönnun.
- l. Kirkjuráð: Hrunaheiðar.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 826. fundar stjórnar frá 27. febrúar s.l.
- n. Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2014.

Fundir framundan:

- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 17. apríl n.k.
- p. Lánasjóður sveitarfélaga: Aðalfundur 17. apríl n.k.
- q. Forsætisráðuneytið: Málefni Þjóðlendna 18. maí n.k.
- r. Eignarhaldsfélaga Suðurlands: Aðalfundur 16. apríl n.k.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2014: Fyrri umræða.**
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2014, ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi, kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til næsta fundar sveitarstjórnar. Hlé var gert á fundinum undir þessum lið þegar Vinnuálastofnun kynnti fyrir sveitarstjórn verkefnið „Virkjum hæfileikana-alla hæfileikana“ Sveitarstjórn þakkar Vinnuálastofnun fyrir góða kynningu á góðu verkefni.
2. **KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2014.**
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2014.
3. **Drög að atvinnustefnu Hrunamannahrepps.**
Oddviti lagði fram drög að atvinnustefnu Hrunamannahrepps ásamt forsendum. Sveitarstjórn samþykkir að senda drögin til þeirra aðila sem sátu í vinnuhópum vegna atvinnustefnunnar til yfirlestrar og skoðunar. Stefnt er á að afgreiða atvinnustefnuna á næsta fundi sveitarstjórnar.
4. **Hagstofa Íslands: Íbúafjöldi í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti upplýsingar frá Hagstofuninni um íbúafjölda í Hrunamannahreppi um síðustu áramót. Íbúafjöldi Hrunamannahrepps var 794 þann 1. janúar s.l.
5. **Vegagerðin: Hvammsvegur.**
Oddviti kynnti drög að samningi milli Hrunamannahrepps og Vegagerðarinnar um fullnaðarskil og yfirfærslu á Hvammsvegi til Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að skoða málið í samhengi við að samkomulag náist við landeigendur og hagsmunaaðila við Hvammsveg um að vegurinn verði lagður bundnu slitlagi.
6. **Tæming rotþróa: Verksamningur.**
Oddviti kynnti drög að verksamningi um tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að semja um verkið við Holræsa- og stíflubjónustu Suðurlands til eins árs og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
7. **Kirkjumálasjóður: Vatnstökusamningur í Hruna.**
Oddviti kynnti samning um vatnstöku í landi Hruna við Kirkjumálasjóð og ábúanda. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
8. **Kirkjumálasjóður: Hrunaréttir.**
Oddviti kynnti samning um afnotarétt vegna Hrunaréttanna í landi Hruna við Kirkjumálasjóð og ábúanda. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
9. **SASS. Menntaþing.**
Oddviti kynnti fyrirkomulag fyrirhugaðra menntaþinga á Suðurlandi en sérstakt menntaþing verður þá í Árnessýslu. Sveitarstjórn samþykkir að skipa þau Helga

Jóhannesson, formann skólanefndar og Guðrúnu Pétursdóttur sem fulltrúa Hrunamannahrepps í samstarfshóp vegna menntaþingsins.

10. Bókasafn Hrunamanna: Árskýrsla 2014.

Oddviti kynnti ársskýrslu bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 1.000 og lánaðar voru út 2.363 bækur yfir árið. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 542 bækur. Sveitarstjórn þakkar forstöðumanni bókasafnsins fyrir góða skýrslu.

11. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Ársyfirlit 2014.

Oddviti kynnti ársyfirlit frá ferðamálafulltrúa Uppsveita. Þar er farið yfir starfssemi og stöðu ferðabjónustunnar í Uppsveitum Árnessýslu. Sveitarstjórn þakkar ferðamálafulltrúa Uppsveita fyrir góða skýrslu.

12. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um að draga úr plastpöknotkun.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um að draga úr plastpöknotkun.

13. Starfshópur Innanríkisráðherra: Skýrsla um landsáætlun í uppbyggingu fjarskiptainnviða.

Oddviti kynnti skýrslu um landsáætlun í uppbyggingu fjarskiptainnviða. Sveitarstjórn fagnar því að loksins sé komin af stað vinna til að byggja upp alvöru fjarskipti á landsbyggðinni og hvetur til að málið verði afgreitt frá Alþingi sem allra fyrst til að hægt verði að hefja framkvæmdir. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir því að Tæknisvið Uppsveita skoði með hvaða hætti best væri að hrinda slíkum hugmyndum af stað í Hrunamannahreppi.

14. Kosning í 17. júní nefnd.

Oddviti lagði til að Vigdís Furuseth verði skipuð í 17. júní nefnd til tveggja ára, þar sem Erna Óðinsdóttir baðst undan verkefninu, og var það samþykkt.

15. Tæknisvið Uppsveita: Fyrirkomulag sorpmála/sorphirðu.

Oddviti kynnti minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita um hvernig skynsamlegt væri að vinna sameiginlega að sorpmálum og sorphirðu í Uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að vinna áfram að málinu á þessum grunni og að umhverfisnefndir sveitarfélaganna verði kallaðar saman til að vinna að mótun stefnu sveitarfélaganna í sorpmálum.

16. Samband Garðyrkjubænda: Syrkbeiðni vegna heimildarkvikmyndar.

Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Sambandi garðyrkjubænda vegna heimildarmyndar um íslenska garðyrkju í 60 ár. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 100.000.

17. Eignarhaldsfélag Suðurlands: Aðalfundarboð.

Oddviti kynnti aðalfundarboð Eignarhaldsfélags Suðurlands sem haldinn verður á Hótel Selfossi 16. apríl n.k. Sveitarstjórn samþykkir að Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri verði fulltrúi Hrunamannahrepps á fundinum.

18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 6. maí kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps: Fundargerð 4. fundar frá 25. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð frá 25. mars s.l. Þar var fjallað um verslunarmannahelgina 2015, gönguferðir sumarsins 2015, hjólabókina og 150 ára vígsluafmæli Hrunakirkju þar sem samþykkt var beiðni afmælisnefndar Hrunakirkju um styrk í tilefni afmælisins. Nefndin samþykkti að styrkja verkefnið um kr. 150.000. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

20. Fundargerð 86. fundar skipulagsnefndar frá 12. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 86. fundar skipulagsnefndar frá 12. mars sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram tilkynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars s.l.

21. Fundargerð 87. fundar skipulagsnefndar frá 30. mars s.l.

Mál nr. 6: Flúðir. Torfdalur 2, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Torfdals og Vesturbrúnar á Flúðum. Í breytingunni felst að iðnaðarlóðin Torfdalur 2 (Límtré) stækkar úr 21.608 m² í 31.124 og byggingarreitur er stækkaður.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að öðru leyti en því að ef þarf að færa fráveitulagnir sveitarfélagsins vegna nýbygginga á lóðinni þá kosti lóðarhafi þær framkvæmdir. Sveitarstjórn samþykkir því að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna með ofangreindum breytingum skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 7: Kerlingarfjöll. Fyrirspurn um skilmála hótels.

Lögð var fram fyrirspurn varðandi skilmála deiliskipulags fyrir reiti A og B í Kerlingarfjöllum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um svo óverulegt frávík að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og fellur því undir ákvæði 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Af þessum sökum er ekki talin þörf á að breyta deiliskipulagi svæðisins.

Mál nr. 8: Túnsberg. Stofnun íbúðarhúsalóðar.

Lagt var fram lóðablað yfir nýja 3.490 m² íbúðarhúsalóð úr landi Túnsbergs.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að deiliskipulag sé ekki forsenda veitingu leyfis fyrir nýju íbúðarhúsi heldur falli málið undir ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar um grenndarkynningu. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og fyrirhugaðar byggingar með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.

Mál nr. 9: Syðra-Langholt 1a. Fyrirspurn um byggingu íbúðarhúss.

Lagt var fram fyrirspurn varðandi fyrirhugaða byggingu íbúðarhúss á lóð úr landi Syðra-Langholts 1a.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að deiliskipulag sé ekki forsenda veitingu leyfis fyrir nýju íbúðarhúsi heldur falli málið undir ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar um grenndarkynningu. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og fyrirhugaðar byggingar með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.

22. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 23. fundar stjórnar frá 30. mars s.l. s.l.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. frá 30. mars s.l. Farið var yfir ársreikning 2014. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

23. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshóla: Fundargerð 9. fundar frá 17. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, farið yfir stöðu skólaþjónustunnar og starfið framundan og ákveðið að vinna að framkvæmdaáætlun barnaverndar. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Fagræð Tónlistarskóla Árneshóla. 172. fundur fagræðs frá 23. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 239. fundar stjórnar frá 2. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 163. fundar stjórnar frá 26. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

d. Sunnlenski skóladagurinn 2016: Kynningarfundur.

Lagt fram til kynningar.

- e. **Skipulagsstofnun: Deiliskipulag svæðisins milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss.**
- f. Lagt fram til kynningar.
- g. **HSK: Þakkarbréf vegna hérðaspings HSK á Flúðum 15. mars. s.l.**
- h. Lagt fram til kynningar.
- i. **HSK: Ályktanir héraðspings HSK þann 15. mars. s.l.**
- j. Lagt fram til kynningar.
- k. **Skipulagsstofnun: Umsögn um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026.**
- l. Lagt fram til kynningar.
- m. **Skipulagsstofnun: Lýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Hrunamannarhrepps.**
- n. Lagt fram til kynningar.
- o. **Minjastofnun Íslands: Fornleifaskráning í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.**
- p. Lagt fram til kynningar.
- q. **Háskólinn í Reykjavík: Mannauðskönnun.**
- r. Lagt fram til kynningar.
- s. **Kirkjuráð: Hrunaheiðar.**
- t. Lagt fram til kynningar.
- u. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 826. fundar stjórnar frá 27. febrúar s.l.**
- v. Lagt fram til kynningar.
- w. **Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2014.**
- x. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- y. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 17. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- z. **Lánasjóður sveitarfélaga: Aðalfundur 17. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn samþykkir að Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri bjóði sig fram til setu í stjórn eða varastjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.
- aa. **Forsætisráðuneytið: Málefni Þjóðlendna 18. maí n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- ab. **Eignarhaldsfélaga Suðurlands: Aðalfundur 16. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.17.20.